

STÆR1GH03

Búið til: Mon, 26 May 2014 11:04:41 GMT

Titill

Stærðfræðigrunnur

Skammstöfun

STÆR1GH03

Útgáfunúmer

14

Námsgrein

stærðfræði

Viðfangsefni

algebra, forgangsöröð aðgerða, hnitakerfi

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

3

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í þessum áfanga er lögð áhersla á að nemendur þjálfist í talnameðferð og undirstöðuatriðum stærðfræðinnar og læri að beita skipulögðum vinnubrögðum við úrlausn verkefna. Áfanginn er fyrir þá sem telja sig þurfa að skerpa á grunnþáttum stærðfræðinnar eða fá aukið sjálfstraust í þessu fagi til að vera betur í stakk búin fyrir seinni stærðfræði áfanga. Farið verður í tölur, mengi, forgangsöröð aðgerða, 1. og 2. stigs jöfnur og grunnþætti algebru og hnitakerfisins.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- talnamengjum, talnameðferð, almennum brotum og tugabrotum, frumtölum og deilanleika
- undirstöðureglum talna- og bókstafareiknings og 1. stigs jöfnum með einni áþekktri stærð, forgangsöröð aðgerða og heiltöluveldi
- jafna beinnar línu og hnitárúmfræði í tvívíðum fleti
- framsetningu gagna á myndrænu formi

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita helstu aðgerðum á heilar tölur og geta notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu í talnareikningi
- breyta milli tugabrota og almennra brota og deilanleika með lágum tölum
- beita veldareglum
- setja fram svör með viðeigandi nákvæmni
- forgangsraða aðgerðum, nota sviga og heiltöluveldi í algebru, og leysa jöfnur með einni óþekktri stærð
- vinna með jöfnu beinnar línu, finna hallatölu og skurðpunkta við ása hnitakerfis
- tjá sig munnlega og skriflega á stærðfræðilegan hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrá lausnir sínar skipulega, skiptast á skoðunum við aðra um þær og útskýra hugmyndir sínar og verk skilmerkilega á viðeigandi hátt ...sem er metið með... umræðum í tímum
- átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu stærðfræðilegra hugmynda og viðfangsefna ...sem er metið með... heimaverkefnum
- skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau ...sem er metið með... heimaverkefnum og prófum
- geta fylgt og skilið röksemdir og röksamhengi í mæltu máli og texta ...sem er metið með... umræðum í tímum
- takast á við stærðfræðileg verkefni með opnum og jákvæðum huga ...sem er metið með... virkni í tímum, umræðum og heimaverkefnum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd